

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 14. apríl 2023

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 103, á 153. löggjafarþingi (fjárhagsupplýsingar um einstaklinga).

Creditinfo Lánstraust hf. hefur kynnt sér drög að þingmannafrumvarpi til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem lagt var fram á Alþingi 27. september 2022 sl. og gekk til allsherjar- og menntamálanefndar 29. mars 2023.

Frumvarpið hefur tvívegis verið lagt fram á Alþingi, fyrst á 151. löggjafarþingi, aftur á 152. löggjafarþingi og nú á yfirstandandi þingi. Þegar frumvarpið var lagt fram af hálfu Ingu Sæland og Guðmundar Inga Kristinssonar á 151. löggjafarþingi sendi Creditinfo Lánstraust hf. ítarlega umsögn dags. 7. apríl 2021 sem fylgir umsögn þessari.

Sú umsögn er ítrekuð með bréfi þessu en jafnframt vill Creditinfo Lánstraust hf. benda á að í millitíðinni hefur Dómsmálaráðuneytið birt drög að nýrri reglugerð um vinnslu fjárhagsupplýsingastofa á upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust í því skyni að miðla þeim til annarra. Reglugerðin er til vinnslu hjá Dómsmálaráðuneytinu.

Eins og vikið var í fyrrgreindri umsögn veita fjárhagsupplýsingastofur mikilvæga þjónustu á lánamörkuðum við miðlun fjárhagsupplýsinga. Slík miðlun er forsenda þess að hægt sé að stunda ábyrgar lánveitingar og ábyrgar lántökur og er starfsemin ekki bundin við Ísland. Þvert á móti er miðlun fjárhagsupplýsinga vel þekkt um allan heim og fjárhagsupplýsingum safnað og miðlað miðlægt í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Að lokum vill Creditinfo Lánstraust hf. benda á að fulltrúar félagsins eru ávallt reiðubúnir til að mæta fyrir þingnefnd og útskýra starfsemi fjárhagsupplýsingastofa.

F.h. Creditinfo Lánstrausts hf.



Vilhjálmur Þór Svansson
Yfirlögfræðingur

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar-og menntamálanefnd

Reykjavík 7. apríl 2021

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda (fjárhagsupplýsingar um einstaklinga) þingskjal 923 - 554. mál.

Creditinfo Lánstraust hf. hefur kynnt sér frumvarp þingmannanna Ingu Sæland og Guðmundar Inga Kristinssonar til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, lögum um neytendalán nr. 33/2013 og lögum um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016.

Af greinargerð með frumvarpinu má ráða að markmið laganna yrði að auðvelda aðgengi einstaklinga að lánsfjármagni og í því sambandi virðast frumvarpshöfundar einkum horfa til hóps einstaklinga sem vill komast út af leigumarkaði í eigin fasteign og koma sér úr klóm fátæktarinnar eins og segir í greinargerð með frumvarpinu.

Frumvarpshöfundar telja að með því að leggja bann við vinnslu og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, að hver og einn lánveitandi meti láns hæfi út frá eigin gögnum sem og að leggja bann við að notaðar séu upplýsingar um söguleg vanskil við mat á láns hæfi einstaklinga, verði markmiðum frumvarpsins náð.

1. Reglur um vinnslu fjárhagsupplýsinga

Miðlun fjárhagsupplýsinga er vel þekkt um allan heim. Slík miðlun er forsenda þess að hægt sé að stunda ábyrgar lánveitingar, þ.e. auka aðgengi að lánsfé og koma í veg fyrir ofskuldsetningu.

Fjárhagsupplýsingum er safnað og miðlað miðlægt í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við og er miðlunin ein af þeim grunnstoðum sem Alþjóðabankinn hefur skilgreint að þurfi til þess að hægt sé að stunda ábyrgar lánveitingar.

Reglugerð ESB 2016/679 geymir engin ákvæði sem lúta að vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og hafa aðildarríki því svignúm til að setja sérreglur um þau efni innan ramma reglugerðarinnar. Í sumum ríkjum Evrópu hafa verið settar ítarlegar reglur um vinnslu fjárhagsupplýsinga í sérlæg en annars staðar hafa þær verið settar inn í persónuverndarlöggjöfina.

Samanburður við hin norrænu löndin sýnir að þar eru fyrirtækjum og stofnunum veittar viðtækari heimildir en hér á landi til að safna og miðla upplýsingum um fjárhagsmálefni einstaklinga¹. Í Svíþjóð og Finnlandi hafa um allnokkurt skeið verið í gildi lög um vinnslu

¹ Rebekka Bjarnadóttir : „Vinnsla persónuupplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust“ (lokritgerð ML í lögfræði, júní 2020)

fjárhagsupplýsinga og hafa Norðmenn nýlega samþykkt slíka löggjöf. Danir hafa valið þá leið að setja inn í persónuverndarlögin ákvæði um vinnslu fjárhagsupplýsinga.

Víða hafa fjárhagsupplýsingastofur heimild til að nýta upplýsingar um skuldastöðu einstaklinga við gerð lánsþæfismats, án þess að sérstakt samþykki liggja fyrir um notkun þeirra upplýsinga við gerð lánsþæfismats.

Í Noregi eru í gildi lög um um vinnslu skuldaupplýsinga við mat á lánstrausti einstaklinga og er öllum lánveitendum skylt að gera aðgengilegar upplýsingar um lánveitingar og stöðu þeirra. Slíkar upplýsingar eru aðgengilegar lánveitendum og einnig fjárhagsupplýsingastofum sem er heimilt að nýta þær við gerð lánsþæfismats. Við lagasetninguna, sem er nýleg, horfðu Norðmenn til vinnslu slíkra upplýsinga í Svíþjóð en þar hefur verið rekinn skuldagrunnur í sama tilgangi frá því á áttunda áratugnum. Einnig litu Norðmenn til skuldagrunna víða í Evrópu, s.s. í Belgíu, Lettlandi, Þýskalandi og Hollandi.

Upplýsingar um skuldastöðu í rauntíma við gerð lánsþæfismats tryggir að matið verður áreiðanlegra og kemur í veg fyrir að lántakar geti skulsett sig víða á skömmum tíma. Það að lánsþæfismat taki mið af skuldastöðu og vanskilum á fyrri stigum og stöðvi fyrirgreiðslu hefur þau áhrif að meiri líkur eru á að einstaklingur greiði vangoldnar kröfur áður en kemur að kostnaðarsamri innheimtu, skráningu á vanskilaskrá og frekari skuldsetningu.

Samkvæmt lögum nr. 90/2018 er vinnsla upplýsinga um fjárhagsmálefni starfsleyfis skyld og gera löggin ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um vinnsluna. Sú reglugerð hefur enn ekki litið dagsins ljós. Creditinfo telur mjög brýnt að gengið verði í að setja slíka reglugerð eða sérstök lög eins og víða hefur verið gert til að tryggja umgjörð um starfsemi fjárhagsupplýsingastofa hér á landi.

2. Lánsþæfismat

Gríðarlegur fjöldi útlána til einstaklinga fyrir síðasta efnahagshrun var ekki einangraður við Ísland heldur átti við víðast hvar í Evrópu. Til að sporna við hættulegri þróun og ábyrgari lánveitingum í ríkjum álfunnar var tilskipun nr. 2008/48/EB um neytendalán sett. Eitt af meginmarkmiðum tilskipunarinnar var aukin neytendavernd.

Neytendasamtök beittu sér fyrir ábyrgari lánveitingum og árið 2009 segir þáverandi formaður Neytendasamtakanna í grein sinni í Neytendablaðinu að samtökin hafi í baráttu sinni ítrekað að engum sé í hag að fá lán umfram greiðslugetu, þar sem slíkt leiði einungis til skuldavandræða þegar fram líða stundir.²

Í framangreindri tilskipun, sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 33/2013 um neytendalán, segir að aðildarríkin skuli tryggja að lánveitandi meti lánsþæfi neytandans áður en lánasamningur er gerður á grundvelli fullnægjandi upplýsinga, sem fengnar eru frá lántakanum sjálfum eða á grundvelli upplýsinga í viðeigandi gagnasafni ef nauðsyn krefur. Aðildarríkjum er í sjálfvald sett hvernig þau tryggja að lánveitendur framkvæmi viðeigandi lánsþæfismat.

² Jóhannes Gunnarsson, „Ábyrgar lánveitingar: raunhæft greiðslumat“ [2009] Neytendablaðið 13.

Á þeim tíma sem framangreind lög voru sett eru lánveitendur í landinu tiltölulega fáir og tryggð einstaklinga við viðskiptabankann sinn algeng, jafnvel frá einum ættlið til annars. Lánafyrirtæki sem buðu lán með skjótvirkum hætti á vefsvæðum sínum voru þó farin að skjóta upp kollinum. Viðskiptasögu var því oftast til að dreifa til að meta lánshæfi og reglurnar hafa væntanlega tekið mið af þeirri staðreynd. Á undanföllum árum hefur þróun á lánamarkaði verið gífurleg með framgangi fjártækninnar sem hefur leitt af sér bættu þjónustu og aukna skilvirkni. Aðgengi neytenda að lánsfé hefur aukist og er nú orðið auðvelt að taka lán á netinu hratt og örugglega, jafnvel hjá mörgum lánveitendum í einu. Þróunin hefur jafnframt leitt til þess að skuldsetning neytenda er auðveldari og því nauðsynlegt að upplýsingar um skuldsetningu, vanskil og mat á líkum á vanskilum séu aðgengileg lánveitendum til að tryggja neytendavernd.

Það er mat starfshóps um starfsumhverfi smálánafyrirtækja á Íslandi³ að miðlun upplýsinga um skuldsetningu neytenda varði lánveitendur miklu fyrir lánshæfismat sem á að veita áreiðanlegar vísbendingar um líkindi þess að neytandi hafi greiðslugetu til að efna skuldbindingar sínar sbr. 10. gr. laga um neytendalán. Skylda lánveitenda til að framkvæma lánshæfismat hafi það að markmiði að koma í veg fyrir óábyrgar lánveitingar, þ.e. koma í veg fyrir að lán séu veitt til neytenda sem hafa ekki fjárhagslega burði til að standa í skilum og koma þannig í veg fyrir að þeir lendi í fjárhagserfiðleikum. Starfshópurinn telur að með hliðsjón af því verði að telja mikilvægt að lánveitendur hafi aðgengi að upplýsingum sem eru til þess fallnar að bæta mat þeirra á greiðslugetu neytenda enda sé það til hagsbóta fyrir alla. Starfshópurinn vekur athygli á að til að tryggja eðlilega samkeppni á markaði þurfi slíkar upplýsingar að vera aðgengilegar öllum lánveitendum. Þá bendir starfshópurinn á í skýrslu sinni að aðgengi að upplýsingum um skuldsetningu neytenda í tengslum við mat á lánshæfi geti líka verið jákvæðar og gefið vísbendingar um góða stöðu og skilvísi einstaklinga.

Í greinargerð með frumvarpi því sem er hér til umfjöllunar segir að sífellt berist fréttir af fólki sem ekki getur fengið lán frá lánastofnunum vegna niðurstöðu lánshæfismats þrátt fyrir góða greiðslugetu og án þess að lán séu í vanskilum.

Ljóst er að samkvæmt lögum um neytendalán hvílir rík skylda á lánveitendum að gera áreiðanlegt lánshæfismat í aðdraganda samnings um neytendalán. Lánveitendum er ekki heimilt að veita lán ef lánshæfismat eða greiðslumat sýnir að lántaki hafi ekki fjárhagslega getu til að standa í skilum, og er því ekki nægjanlegt að lántaki standist einungis greiðslumat.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum 33/2013 segir að lánshæfismat í skilningi frumvarpsins sé víðtækara hugtak en greiðslumat og með lánshæfismati sé leitast við að sannreyna greiðsluviljann en greiðslugetu með greiðslumati. Þá kemur fram í greinargerðinni að við gerð lánshæfismats megi horfa til upplýsinga um skilvísi og greiðslusögu neytanda.

Það er mjög skýrt að það er lánveitandi sem ber ábyrgð á lánaákvörðun og þar með talið að meta lánshæfi lántaka. Allir stórir lánveitendur framkvæma eigið innra mat og byggja á því fyrir sína viðskiptavinum. Í þeim tilfellum er lánshæfismat Creditinfo aðeins viðbót við innra matið. Lánveitendur hafa hins vegar ekki upplýsingar um aðra en sína

³ Skýrsla starfshóps unnin fyrir ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar um starfsumhverfi smálánafyrirtækja á Íslandi og tillögur til úrbóta [Janúar 2019] Kafli 8.1.1

eigin viðskiptavini og hafa þar af leiðandi engar forsendur til að meta láns hæfi þeirra. Skortur á miðlægum upplýsingum myndi því torvelða fólki mjög að taka lán hjá nýjum lánveitanda eða færa sín lánaviðskipti því nýr lánveitandi þarf annað hvort að biðja um háa vexti eða veð ef hann getur ekki metið láns hæfi viðkomandi. Krafa um ábyrgð þriðja aðila gæti aukist á ný, en í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um ábyrgðarmenn árið 2009 segir m.a. að finna megi þess mörg dæmi úr íslensku viðskiptalífi að forsenda þess að samningur hafi tekist með lánveitendum og lántökum sé að þriðji aðili, einstaklingur, hafi endurgjaldslaust tekist á hendur ábyrgð. Afleiðingar slíkra gerninga hafi oft verið mjög íþyngjandi fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið í heild.

Það liggur í hlutarins eðli að tölfræðileg spá um atburði í framtíðinni verður að byggja á sögulegum upplýsingum, s.s. um skilvísni og greiðslusögu. Alls staðar í heiminum þar sem lánveitendur nota láns hæfismat eru sögulegar upplýsingar nýttar í þeim tilgangi að auka áreiðanleika slíks mats. Ef upplýsingar um greiðslusögu í fortíðinni eiga ekki að hafa áhrif á láns hæfismat væri grundvöllinum kippt undan gagnsemi matsins. Slíkt mat myndi augljóslega ekki fullnægja ákvæðum 5. gr. laga nr. 33/2013 og færi þvert gegn ummælum með 10. gr. lagafrumvarpsins þar sem tiltekið er að láns hæfismat geti m.a. byggt á skilvísni og greiðslusögu.

Það að hver og einn lánveitandi meti láns hæfi og haldi úti einhvers konar láns hæfismatslíkan er kostnaðarsamt og neytendum ekki til hagsbóta og hefur þróunin verið sú í nágrannalöndunum, sem og annars staðar í hinum vestræna heimi, að fjárhagsupplýsingastofur vinni láns hæfismat byggt á upplýsingum sem nýtast við gerð slíks mats.

Persónuvernd sem gefur út starfsleyfi til vinnslu og miðlunar fjárhagsupplýsinga, þar með talið vinnslu láns hæfismats, með vísan til 15. gr. laga nr. 90/2018, hefur í úrskurðum sínum áréttað að rík áhersla sé lögð á að gert sé áreiðanlegt láns hæfismat í aðdraganda samnings um neytendalán og sé skýrslum Creditinfo ætlað að nýtast til gerðar slíks mats. Með vísan til þess hefur Persónuvernd í úrskurðum sínum sagt að ekki verði lítið svo á að það feli í sér óheimila miðlun upplýsinga um vanskilakröfur, sem komið hefur verið í skil, að þær hafi áhrif á niðurstöðu skýrslna um láns hæfi.

Láns hæfismatslíkan Creditinfo metur líkur á greiðslufalli og skráningu á vanskilaskrá á næstu tólf mánuðum. Bæði hérlendis og erlendis hefur það sýnt sig að upplýsingar um fyrri vanskil er ein sterkasta breytan, sé hún til staðar, til að meta líkur á vanskilum í framtíðinni. Láns hæfismatslíkan Creditinfo hefur staðfest að einstaklingur sem hefur verið á vanskilaskrá einhvern tímann á síðustu fjórum árum er u.þ.b. 10-15 sinnum líklegri til að fara í vanskil á næstu 12 mánuðum en einstaklingur sem hefur ekki verið skráður á vanskilaskrá á síðustu fjórum árum. Líkurnar á nýrri skráningu á vanskilaskrá eru hærrí eftir því sem styttra er liðið frá síðustu skráningu og lækka eftir því sem lengra liður frá síðustu skráningu, þær fara frá því að vera um 30 sinnum hærrí niður í það að vera um 4 sinnum hærrí en hjá þeim sem ekki hafa verið skráðir á vanskilaskrá á síðustu 4 árum. Þessar líkur er endurspegladur í láns hæfismati Creditinfo og því minnka áhrif fyrri vanskilaskráninga á láns hæfismat eftir því sem þær eldast.

Vegna umfjöllunar í greinargerð með frumvarpinu vill Creditinfo benda á að fyrrum skráningar á vanskilaskrá hafa að hámarki áhrif á láns hæfismat í 4 ár frá skráningu þeirra og er því ekki um það að ræða vanskilin elti fólk til grafar löngu eftir afskráningu eins og

segir orðrétt í greinargerð. Vægi skráninganna minnkar eftir því sem tíminn liður og byggir fólk því upp lánsþæfismat sitt að nýju eftir að búið er að standa skil á kröfum sem hafa verið skráðar á vanskilaskrá.

3. Áhrif uppflettinga á lánsþæfismat

Í greinargerð með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar er ýjað að því að vinnsla Creditinfo fari í bága við úrskurði Persónuverndar en þar segir að þá séu jafnvel dæmi um að það hafi áhrif á lánsþæfismat hversu oft viðkomandi hafi verið flett upp í vanskilaskrá þó að Persónuvernd hafi úrskurðað að óheimill sé að ljá því vægi við gerð matsins.

Úrskurðir Persónuverndar hafa á undanföllum árum mótað reglur um gerð lánsþæfismats hjá fjárhagsupplýsingastofu. Haustið 2017 kvað Persónuvernd upp úrskurð þess efnis að ekki væri heimillt að nota upplýsingar um uppflettingar í skráum Creditinfo við gerð lánsþæfismats. Mati Creditinfo var breytt með tilliti til niðurstöðu Persónuverndar. Upplýsingar um uppflettingar í skráum Creditinfo geta gefið sterka vísbendingu um að einstaklingur standi í skilum, þ.e. sérstaklega ef honum hefur ekki verið flett upp af innheimtuástæðu. Gegn sérstöku, upplýstu og sannanlegu samþykki geta einstaklingar miðlað viðbótarupplýsingum við gerð lánsþæfismats. Ef einstaklingur samþykkir notkun viðbótarupplýsinga við gerð matsins hafa uppflettingar ásamt upplýsingum úr skuldastöðu áhrif á matið. Upplýsingarnar geta því falið í sér upplýsingar um skilvísni og góða greiðsluhegðun og geta komið til hækkunar á matinu. Persónuvernd hefur staðfest að heimillt er að vinna með viðbótarupplýsingar við gerð lánsþæfismats ef upplýst samþykki einstaklings liggur fyrir og er kveðið á um slíkt í drögum að nýjum starfsleyfisskilmálum fyrir fjárhagsupplýsingastofur sem unnið er að hjá Persónuvernd⁴.

Vegna ummæla í ræðu annars flutningsmanns frumvarpsins, Ingu Sæland, á Alþingi þann 16. mars sl. um framangreint efni og að það geti farið eftir vinsældum hversu oft fólk er flett upp vill Creditinfo áréttta að áskrifendur hafa einungis heimild til að sækja upplýsingar um einstaklinga á vanskilaskrá ef þeir hafa til þess lögvarða hagsmuni, s.s. ef viðkomandi sækir um lánafyrirgreiðslu eða óskar eftir að komast í reikningsviðskipti.

4. Skráningar á vanskilaskrá

Vegna umfjöllunar í greinargerð um vinnslu umdeilda skulda vill Creditinfo koma eftirfarandi á framfæri.

Samkvæmt starfsleyfi Creditinfo er heimillt að skrá á vanskilaskrá upplýsingar um vanskil einstaklinga frá opinberum aðilum og áskrifendum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Hvað varðar vinnslu umdeilda skulda þá kemur fram í gildandi starfsleyfi að óheimil sé vinnsla upplýsinga um umdeilda skuldir og það eigi við ef skuldari hefur komið andmælum á framfæri við kröfuhafa, greint honum frá ástæðu þeirra og skuldin hefur ekki verið staðfest með aðfararhæfum dómi eða aðfararhæfri ákvörðun sýslumanns.

Þegar mál eru send til skráningar hjá Creditinfo Lánstraust hf. er hinum skráða sent bréf með tilkynningu um fyrirhugaða skráningu. Í því bréfi er hinum skráða bent á að hann

⁴ Heimasíða Persónuverndar, frétt birt 08.10.2020

eigi rétt á að andmæla vinnslu ef hann telur upplýsingar rangar eða villandi eða ef hann telur kröfu umdeilda og hún hefur ekki verið staðfest með réttargjörð.

Mjög skýrt verklag er viðhaft hjá Creditinfo Lánstraust hf. til að uppfylla skilyrði starfsleyfis hvað varðar vinnslu umdeilda krafna sem og annarra skilyrða. Beri hinn skráði upp andmæli við skráningu á vanskilaskrá, hvort sem um er að ræða fyrirhugaða skráningu eða skráningu sem þegar hefur verið færð á vanskilaskrá, og krafa hefur ekki verið staðfest með opinberri réttargjörð, er færsla afskráð og áhrifum hennar eytt um leið og Creditinfo berst staðfesting af sannanlegum andmælum til kröfuhafa eða umboðsmanns hans.

Vegna ummæla beggja flutningsmanna frumvarpsins, Ingu Sæland og Guðmundar Inga Kristinssonar, í ræðum sínum á Alþingi þann 16. mars sl. vill Creditinfo áréttta að færslur eru að hámarki á vanskilaskrá í fjögur ár en eru afskráðar þegar kröfur eru að fullu greiddar. Ekki er því farið rétt með í ræðum framangreindra þingmanna þar sem fram kemur að kröfur séu skráðar á vanskilaskrá í fjögur ár eða jafnvel lengur og að skráningar séu á vanskilaskrá í fjögur ár jafnvel þó að viðkomandi hafi greitt upp skuld fyrir þremur árum.

5. Greiðslumat, skuldastaða og dómasafn

Vegna umfjöllunar um greiðslumat og skuldastöðu í ræðum flutningsmanna frumvarpsins á Alþingi þann 16. mars sl. vill Creditinfo koma því á framfæri að félagið framkvæmir ekki greiðslumat. Viðkomandi lánveitandi ber ábyrgð á gerð greiðslumats og kemur skýrt fram í reglugerð nr. 274/2017 á hvaða upplýsingum slíkt greiðslumat skal byggja. Creditinfo býður hins vegar lánveitendum aðgang að greiðslumatskerfi sem sækir m.a. nauðsynleg gögn til opinberra aðila og lánveitenda sem skylt er að nota við gerð matsins s.s. launaupplýsingar frá Skattinum, upplýsingar um eignir til Samgöngustofu og þjóðskrár sem og upplýsingar úr skuldastöðukerfi.

Creditinfo rekur Skuldastöðukerfi sem vinnsluaðili fyrir þá lánveitendur sem miðla upplýsingum inn í kerfið og eru ábyrgðaraðilar þeirra upplýsinga. Engar upplýsingar eru skráðar í gagnagrunna hjá Creditinfo en kerfið sækir raunstöðu allra skuldbindinga hjá viðkomandi lánfyrirtæki. Upplýsingarnar byggja því alfarið á gögnum frá lánveitendum og eru birtar á yfirliti skuldastöðu eins og þær eru skráðar í lánakerfi/skuldakerfi viðkomandi lánveitanda á hverjum tíma. Upplýsingarnar eru aðeins sóttar hafi einstaklingur veitt samþykki sitt fyrir vinnslunni.

Creditinfo vill jafnframt áréttta vegna umfjöllunar í ræðum flutningsmanna um dómasafn að Creditinfo Lánstraust hf. hvorki safnar né miðlar upplýsingum um dóma sem kveðnir hafa verið upp á Íslandi né sjúkraupplýsingum úr slíkum dómum eins og fullyrt er í ræðu annars flutningsmanns frumvarpsins.

6. Niðurlag

Fjárhagsupplýsingastofur veita mikilvæga þjónustu á lánamörkuðum við miðlun fjárhagsupplýsinga, sem er forsenda bæði ábygrgra lánveitinga og lántöku.

Hafa ber í huga að langstærstur hluti neytenda á Íslandi eða um 85% eru með gott lánsþæfismat sem gerir þeim kleift að sækja um fyrirgreiðslu hvort sem er hjá eigin

viðskiptabanka eða öðrum lánveitanda án þess að leggja fram veð eða aðrar tryggingar.

Án miðlægrar fjárhagsupplýsingamiðlunar myndu upplýsingar lánveitenda til að byggja lánaákvörðun á skerðast svo um munar. Lánveitendur hefðu þá um þrennt að velja: að lána með mjög háum vöxtum til að veða upp á móti óvissunni um áhættuna við lánveitinguna, að óska eftir tryggingu/veði eða að segja nei.

Með skýrum reglum um aðgengi og skilvísu miðlun fjárhagsupplýsinga þar sem persónuverndar og upplýsingaöryggis er gætt í hvívetna er hægt að stuðla að betri áhættustýringu, betri lánakjörum, greiðara aðgengi að fjármagni, ábyrgari og hraðari lánaákvörðunum og síðast en ekki síst betri neytendavernd og ábyrgari fjármálahegðun.

Creditinfo Lánstraust hf. telur að ef Ísland á að mæta þeim áskorunum og nýta þau tækifæri sem felast í sífellt örari tæknibreytingum sé nauðsynlegt að stíga skref fram á við hvað varðar vinnslu fjárhagsupplýsinga fremur en að taka skref aftur á bak eins og lagt er til með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Ábyrg miðlun upplýsinga hefur stórbætt lánaumhverfi Íslendinga á síðustu árum og enn er hægt að gera miklu betur.

Creditinfo telur ljóst að nái tillögur frumvarpsins fram að ganga myndu þær skerða stórlega aðgang landsmanna að lánsfé, auka hættu á gjaldþrotum vegna ofskuldsetningar og leiða til hækkunar vaxta vegna aukinna afskrifta og aukins kostnaðar við innheimtu.

Creditinfo fagnar því tækifæri að fá með umsögn þessari að vekja athygli þingmanna á mikilvægi vinnslu fjárhagsupplýsinga og nauðsyn þess að tryggja umgjörð um starfsemi fjárhagsupplýsingastofa í lögum og reglum til að tryggja ábyrgar lánveitingar með neytendavernd að leiðarljósi og því að landsmönnum standi til boða fjölbreyttir lánamöguleikar á betri kjörum.

F.h. Creditinfo Lánstrausts hf.



Brynja Baldursdóttir
Framkvæmdastjóri